## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# S T A R F S L E Y F I

**Hraðfrystihúsið Gunnvör - Skötufjörður**
630169-2249
Til að starfrækja Land- og kvíaeldi að 200 tonnum
Staðsetning: 66°02.656´N – 22°47.364´V í Ísafirði

Heimilisfang:
Hnífsdalsbryggja
410 Hnífsdalur

Nafn rekstraraðila: Kristján G Jóakimsson

Kennitala rekstraraðila:

**Útgáfudagur:19. 10 2007 Gildir til: 19.10 2019**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim
Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn

Framsal þessa leyfis er óheimilt Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá

Bolungarvík, 24.10 2007

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA
Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 24.10 2007

Hraðfrystihúsið Gunnvör - Skötufjörður
Kristján G Jóakimsson
Hnífsdalsbryggja
410 Ísafjörður

## Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 19. 10 2007 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvör – Skötufirði. Staðsetning 66°02.656´N – 22°47.364´V (breytt 11.júní 2012) í Ísafirði fyrir Þorskeldi. Starfsleyfið gildir til 19.10 2019. Eldiskvíar skulu staðsettar innan 200m radíus frá staðsetningarpunkti. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaeldi (ÍSAT no 050220) Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 30. júní 2005. nr. 635 er árlegt eftirlitsgjald 17.475 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár ár.

Starfsleyfisgjald er kr 6.990. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið Starfsleyfi þetta, er veitt skv lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr 7/1998, msbr og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Samkvæmt 32 grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar

Virðingarfyllst

______________________
Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi